

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Yrpuholt, L166352.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi Yrpuholts. Í breytingunni felst að byggingarheimild vegna íbúðarhúss verði aukin úr 400 m² í 550 m².

Aðrir skilmálar haldast óbreyttir.

Samþykkt í sveitarstjórn 12. janúar 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Lynghæð, L196512.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi Lynghæðar, L196512, í landi Egilsstaða 1.

Breytingin felur í sér að vegtengingu aðkomuvegar að lóðinni er breytt.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. desember 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. febrúar 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.